

Sex sveita Úrvalsdeild, einn útlendingur, átta borð, þrjár helgar, ótakmarkaður fjöldi stigalágra útlendinga, sveitir í stað liða, b-sveitir bannaðar í efstu deild.

3. kafli Íslandsmót skákfélaga

16. grein.

Stjórn Skáksambands Íslands gengst árlega fyrir Íslandsmóti skákfélaga. Keppnin er sveitakeppni og eiga öll skuldlaus taflfélög eða svæðasambönd innan S.Í. þátttökurétt. Stjórn S.Í. skal ákveða keppnisdaga og þáttökugjöld fyrir 1. september ár hvert.

17. grein.

Keppninni skal skipt í **fimm** deildir og **heitir** sú **efsta Úrvalsdeild**. **Sigurvegari** í **Úrvalsdeild** er **Íslandsmeistari skákfélaga**. Fjöldi vinninga skal ráða úrslitum um endanlega röð sveita í deildum þar sem allir tefla við alla. Verði vinningar jafnir, skulu liðsstig (matchpoints) ráða. Fjöldi liðstiga (matchpoints) skulu ráða úrslitum um endanlega röð í deildum þar sem teft er eftir svissneska kerfinu. Verði liðstigin jöfn þar, skulu vinningar ráða. Hvert félag á rétt á að senda eins margar sveitir til keppninnar og það óskar. Þó mega ekki vera fleiri en **ein sveit** frá nokkru félagi í **Úrvalsdeild** og ekki fleiri en **þrjár** í **1.deild**.

Sérákvæði sem falli út eftir 1. júní 2016: Gildir keppnistímabilið 2015-2016.
Keppninni skal skipt í **fjórar** deildir og **heitir** sú **efsta Úrvalsdeild**.

18. grein.

Sex sveitir skulu vera í Úrvalsdeild og átta sveitir í 1. og 2. deild. Stjórn S.Í. hefur rétt til að fjölga eða fækka sveitum í neðri deildum þygi henni ástæða til. **Hver sveit í Úrvalsdeild skal skipuð átta liðsmönnum, en í öðrum deildum skulu sveitir skipaðar 6 liðsmönnum. Efsta sveit 1.deildar, tvær efstu sveitir 2. og 3.deildar og þrjár efstu sveitir 4.deildar færast upp um deild í lok keppnistímabils. Neðsta sveit Úrvalsdeildar, tvær neðstu sveitir 1. og 2. deildar og þrjár neðstu sveitir 3. deildar falla niður um deild.**

Sérákvæði sem falli út eftir 1. júní 2016: Gildir keppnistímabilið 2015-2016.

- **Úrvalsdeild: Sex efstu sveitir 1. deildar færast upp í Úrvalsdeild**
- **1. deild: Engin sveit falli niður í 2. deild – fjórar sveitir upp úr 2. deild (fækkun úr tíu í átta)**
- **2. deild: Engin sveit falli niður í 3. deild – fjórar sveitir upp úr 3. deild (áfram átta)**
- **3. deild: Fjórar sveitir falli niður í 4. deild – tvær sveitir upp úr 4. deild (fækkun úr fjórtán í átta)**
- **4. deild: Fjölgun um tvær sveitir.**

19. grein.

Aðeins þeir sem eru á keppendaskrá SÍ teljast löglegir með viðkomandi félagi í Íslandsmóti skákfélaga. Þó eru þeir skákmenn sem eru án skákstiga og án félags undanþegnir því að þurfa að vera á keppendaskránni.

Tilkynning skákmanns skv. 2.gr. reglugerðar um keppendaskrá SÍ skal hafa verið send 20 dögum fyrir upphaf Íslandsmóts skákfélaga ella öðlist viðkomandi ekki keppnisrétt fyrir hið nýja félag á þeirri leiktíð er gengur í hönd. Athugasemdir vegna keppendaskrárinnar skulu hafa borist SÍ viku fyrir mót og skal SÍ úrskurða í síðasta lagi tveim dögum seinna.

Skákmönnum með lögheimili á Íslandi, Íslendingum sem eru búsettir erlendis án lögheimilis á Íslandi og erlendum skákmönnum sem hafa færri en 2300 FIDE stig er heimilt að skipta um félag á miðri leiktíð og verða löglegir keppendur með nýju félagi hafi þeir ekki teft fyrir annað félag á og á yfirstandani leiktíð og tilkynning um slíkar breytingar á keppendaskrá berist SÍ 20 dögum fyrir upphaf keppni.

Í hverri viðureign má einungis einn liðsmaður hvernar sveitar vera erlendur ríkisborgari með fleiri en 2299 FIDE stig, nema að viðkomandi hafi átt lögheimili á Íslandi síðustu 12 mánuði fyrir keppni.

20. grein.

Raða skal keppendum í sveitir og borð eftir styrkleika. Fyrir upphaf 1. umferðar ÍS skulu öll félög skila inn styrkleikaröðuðum lista allra þeirra keppenda sem þau hyggjast nota í keppninni.

Ekki er leyfilegt að breyta þeirri röð eftir að keppni hefst. Keppandi getur flust upp eða niður um sveit hvenær sem er keppninnar en innbyrðis röð keppenda verður að haldast.

Fái félag liðstyrk eftir að keppni hefst skal það skila inn nýjum lista þar sem nýjum keppendum er bætt við listann án þess að innbyrðis röð annarra breytist.

Komi **sveit** ekki til keppni án ásættanlegra útskýringa að mati skákstjóra, tapar það skákum á öllum borðum. Komi slíkt fyrir tvisvar skal **sveitin** dæmd úr keppninni.

21. grein.

Félögum sem hafa með sér svæðissamband er heimilt að sameinast um keppnislið. Ef þannig samstarf á sér stað eða þá að tvö eða fleiri taflfélög sameinast gerist eftirfarandi: Nýja liðið heldur öllum deildasætum sveita sem einstök félög höfðu áunnið sér. Þó skal hliðra sveitum til ef fjöldi í deild fer yfir takmarkanir. Raða skal sveitum upp á nýtt í A,B,C.. fyrir hið nýja lið. Ef keppnislið sundrast aftur, geta nýju félögin komið sér saman um hvaða félag erfi hvaða sveitir. Ef ósamkomulag er um það úrskurðar stjórn SÍ um skiptinguna. Tilkynna skal SÍ í síðasta lagi 30 dögum fyrir upphaf fyrri hluta Íslandsmóts skákfélaga um allar slíkar hrókfæringar.

Löglegir félagsfundir geta ákveðið fjöldaflutning félagsmanna á milli keppnisliða í Keppendaskrá SÍ. Skráning í Keppendaskrá er samt gerningur á milli SÍ og einstaklings og getur skákmaður hvenær sem er breytt skráningu sinni þar.

22. grein.

Stjórn Skáksambandsins skal árlega skipa sérstaka mótsstjórn sem sker úr um lögmæti keppenda ef beiðni um athugun á lögmæti viðkomandi liggur fyrir eða ef kæra berst mótsstjórninni. Beiðni um athugun og/eða kæra skal berast mótsstjórn, eða skákstjórum fyrir hennar hönd, innan 48 tíma eftir að umferð lýkur í þeirri umferð sem ólöglegur keppandi telst hafa teft í. Mótsstjórn skal kynna framkomna kæru eða beiðni því félagi sem teflir fram keppandanum og gefa félaginu stuttan frest til að bera við andmælum. Úrskurður skal liggja fyrir innan 48 tíma frá því að athugun og/eða kæra barst. Úrskurðir **mótsstjórnar** skulu rökstuddir og afrit þeirra afhent báðum málsaðilum innan klukkustundar eftir að úrskurður hefur verið kveðinn upp. Ef keppandi er úrskurðaður ólöglegur, skal viðkomandi viðureign tapast 2-6 hið minnsta þegar um er að ræða 8 manna lið en 1,5-4,5 þegar um er að ræða 6 manna lið. Tapist viðureignin hins vegar enn stærra standa þau úrslit og skal skák ólöglegs keppanda ávallt teljast töpuð. Úrskurði mótsstjórnar má skjóta til Dómstóls SÍ og skulu slík erindi hafa verið send Dómstólnum innan þriggja sólarhringa frá því að úrskurður **mótsstjórnar** liggur fyrir. Dómur Dómstóls S.Í. skal liggja fyrir eigi síðar en 5 sólarhringum eftir að erindið barst. Skákstjóri úrskurðar um önnur vafaatriði.

23. grein

Stjórn S.Í. setur reglugerð um nánari framkvæmd Íslandsmóts skákfélaga.

Reglugerð um Íslandsmót skákfélaga

1. gr.

Mótið skal haldið á þrem helgum. Fyrsti hlutinn skal tefldur á tímabilinu september til desember. Annar og þriðji hluti mótsins skal fara fram eftir áramótin og ljúka fyrir lok mai. Keppni í Úrvalsdeild skal dreift á þrjár helgar, en aðrar deildir skulu tefldar á tveim helgum.

2. gr.

Framkvæmdanefnd Íslandsmóts skákfélaga, sem skipuð er af stjórn Skáksambands Íslands, ákveður töfluröð og skipar skákstjóra og umsjónarmenn Íslandsmóts skákfélaga.

Öllum taflfélögum, sem eiga sveitir í **Úrvalsdeild**, ber að útvega einn skákstjóra.

3. gr.

Tefla skal tvöfalda umferð í Úrvalsdeild. Tefla skal einfalda umferð í 1. og 2. deild, en stjórn SÍ skal ákveða fyrirkomulag í 3. og 4. deild, miðað við fjölda þátttökuliða.

Ef stendur á stöku í deild skal **sveitin** sem situr hjá fá 4 vinninga í yfirsetunni.

Stjórn SÍ ákveður tímamörk skáka, en þau skulu ekki vera skemmri en kappskákartímamörk FIDE.

Sérákvæði sem falli út eftir 1. júní 2016: *Gildir keppnistímabilið 2015-2016.*

Tefla skal einfalda umferð í Úrvalsdeild.

4. gr.

Liðsstjóra **þeirrar sveitar**, sem svart hefur á 1. borði, er skylt að gefa skákstjóra skýrslu um úrslit viðureignarinnar, strax að henni lokinni.

5. gr.

Fyrir upphaf **hverrar** umferðar skulu liðstjórar skila inn eyðublaði til skákstjóra með liðsskipan **sveita**. **Sveit er óheimilt** að hefja viðureign nema **umræddu eyðublaði** hafi verið skilað inn með fullnægjandi hætti.

6. gr.

Styrkleikaröðuðum lista skal skila á Excel formi til keppendaskra@skaksamband.is fyrir upphaf 1. umferðar keppninnar. Auðkenna skal röðina með númeri í sér dálk og raða skjalinu samkvæmt því.

Ef félag teflir fram fleiri en **einni sveit** í keppninni skulu þau auðkennd með A, B, C o.s.frv. Lið A skal vera sterkasta **sveit** félagsins, lið B **sú** næststerkasta o.s.frv.

Hverju félagi er heimilt að **tefla fram** unglinga-öldunga-og kvennasveitir sem ekki þurfa að uppfylla framangreind skilyrði. Skákmönnum þessara sveita er heimilt að tefla með öðrum sveitum, sem ekki eru unglinga-öldunga-eða kvennasveitir, hvenær sem er í keppninni en geta að því loknu ekki teft aftur með unglinga-öldunga-eða kvennasveit. Hafi félög fleiri en eina unglinga-öldunga-eða kvennasveit skal raða þeim í styrkleikaröð og er félögunum heimilt að flytja skákmenn á milli þessara sveita á sama hátt og um almennar sveitir væri að ræða.

Auðkenna skal og skrá þessar sveitir sérstaklega t.d. <félag>-öldungasveit-A og skal sú merking ásamt eiginleikum halda sér á milli ára. Öldungar teljast skákmenn 60 ára og eldri og unglingar 20 ára og yngri. Ákveði félag að hætta með unglinga-/öldunga-/kvennasveit þá breytist hún í venjulega sveit. Ekki er hægt að breyta venjulegri sveit í unglinga-/öldunga-/kvennasveit.

Brjótí félag gegn ákvæðum þessarar greinar við röðun í **sveitir** teljast þeir keppendur sem rangt er raðað ólöglegir og skal meðferð málsins þá vera skv. **22. gr.** skáklaga.

7. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt að fresta viðureign ef um samgönguerfiðleika innanlands er að ræða. Sé viðureign frestað skal ákveða nýjan keppnisdag innan hálfis mánaðar. Umferð skal lokið innan mánaðar frá töfludegi.

8. gr.

Ef **sveit** hættir keppni, hvort sem er fyrir upphaf móts, eða eftir að það er hafið, eða ef **sveit** er vísað úr keppni, þá skal **hún** hefja þátttöku í neðstu deild, þegar **hún** hyggst taka þátt í mótinu næst. **Ef þannig ber undir skal endurraða þeim sveitum liðsins sem eftir eru í A,B,C..**

9. gr.

Ef flytja þarf fleiri **sveitir** upp á milli deilda en gert er ráð fyrir skv. 17. gr. skáklaga, eða ef **sveit** sem á að flytjast upp skv. sömu grein kys að taka ekki sæti sitt í efri deild skal bjóða öðrum **sveitum** úr sömu deild að taka sæti **hennar** í efri deild. Öðrum **sveitum** en þeim sem samkvæmt

17. gr. skáklaga eiga að færast upp er heimilt að hafna slíku boði án skýringa. **Sveitum** úr neðri deildinni skal boðið að færast upp um deild í eftirfarandi forgangs röð (**dæmi vegna liðs sem hættir í 1. eða 2. deild**):

1. **Sú sveit** sem lenti í þriðja sæti
2. **Sú sveit af tveimur** sem féll úr efri deildinni **og** lenti þar í næst neðsta sæti
3. **Sú sveit** sem lenti í fjórða sæti deildarinnar
4. **Sú sveit af tveimur** sem féll úr efri deildinni **og** lenti þar í neðsta sæti
5. **Sú sveit** sem lenti í fimmta sæti deildarinnar og svo koll af kolli.

Almennt gildir sú regla að næsta **sveit** sem á að fara upp hefur forgang en annars virkar á víxl.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 21. gr. skáklaga SÍ og tekur gildi við útgáfu hennar.